

Játning

Ég, Svavar Kjarrval Lúthersson, játa hér með að hafa brotið a-lið 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 32/1997 með því að hafa, rétt eftir klukkan 13:00 á Austurvelli í Reykjavík þann 29. mars 2013, sem skilgreindur er sem helgidagur Þjóðkirkjunnar skv. 2. tl. 1. mgr. 2. gr. sömu laga, snúið bingóvél og aðstoðað á annan hátt með framkvæmd ólöglegrar bingóstarfsemi. Framkvæmdi ég brotið með fullri vissu að þátttaka mín í bingóhaldinu væri brot á fyrrgreindri lagagreininni.

Játa ég einnig að hreyfimyndir þær sem sýndar voru frá bingóhaldinu í fréttatíma RÚV að kvöldi sama dags sýni mig snúa bingóvélinni.

Svavar Kjarrval Lúthersson

Svavar Kjarrval Lúthersson

kt. [REDACTED]

Vitundarvottar

[REDACTED]

[REDACTED]





LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUDBORGARSVÆÐINU

KIV/hkh
M. 007-2013-25084

Reykjavík, 22. maí 2013.

Vísað er til bréfs yðar, ódagsettu, vegna meints brots yðar þann 29. mars 2013.

Hér með tilkynnist yður, með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88, 2008 um meðferð sakamála, að málinu er vísað frá og því fellt niður.

Um lagaheimild fyrir ákvörðun þessari er vísað til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88, 2008 um meðferð sakamála. Unnt er að bera ákvörðun þessa undir embætti ríkissaksóknara innan mánaðar frá tilkynningu þessari.

F.h.l.

Karl Vilbergsson,
aðstoðarsaksóknari.

Svavar Kjarrval Lúthersson

Kæra ákvörðunar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

Gjört í Reykjavík þann 21. júní 2013.

Í bréfi dagsettu 22. maí og póstlögðu 23. maí var tilkynnt af hálfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að máli 07-2013-25084 skuli vísað frá með vísan í 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008. Hér með er kærð ofangreind ákvörðun embættisins. Hafa ber í huga að ákvörðunin var póstlögð 23. maí og því ætti að miða lok kærufrestsins við þann dag þegar líklegt er að undirritaður hafi fengið vitneskju um hana, þ.e.a.s. í fyrsta lagi þann 24. júní. Einnig skal hafa í huga að samkæmt almennum reglum skal miða skilafresti við næsta virka dag ef lokafrestur lendir á almennum frídegi.

Telur undirritaður að lögreglunni sé skylt að rannsaka ofangreint mál enda sé ekki óeðlilega mikill kostnaður af rannsókn þess. Fyrirséðir kostnaðarliðir eru að útvega myndbandsupptöku frá RÚV sem undirritaður hefur játað að séu af sér, kalla undirritað í skýrslutöku til að staðfesta frásögn hans í játningunni og í kjölfarið meta hvort gefa eigi út ákæru eða ekki.

Undirritaður hefur frásagnir af því að lögreglan hefur á undanförunum árum og á þessu ári hlutast í um að hóta íþyngjandi aðgerðum áður á grundvelli sömu lagaákvæða og jafnvel þótt meint brot séu óframin. Á meðal aðgerða er að rýma skemmtistaði og/eða svipta þá starfsleyfi. Kostnaður af framfylgd slíkra aðgerða yrði augljósa meiri en sá sem rannsókn þessi ætti að bera. Lögreglan hefur því sýnt fram á að hún sé tilbúinn til þess að tileinka meiri fjármunum í önnur tilfelli af meintu broti og þar myndi slík skýlaus játning líklegast ekki liggja fyrir.


Augljóst er að brot gegn lögum um helgidagafrið, nr. 32/1997, varða sektum og er sektarákvæðið nokkuð skýrt. Málið getur því varla talist smávægilegt og getur lögreglan ekki tekið þá einhliða ákvörðun að neita að rannsaka mál á þeim grundvelli að refsing takmarkist við sekt eða hvort viðkomandi hafi mögulega hagnast við brotum á þeim. Mörg önnur mál þar sem eingöngu er refsað með sekt hafa verið í meðförum hjá lögreglu og jafnvel með ákæru vegna þess að þær hafi ekki verið greiddar.

Á grundvelli jafnræðis ætti lögreglan í það minnsta að rannsaka málið og taka síðan ákvörðun hvort gefa eigi út ákæru eða ekki.

Svavar Kjarrval Lúthersson

Svavar Kjarrval Lúthersson

kt. [REDACTED]



**Afstaða ríkissaksóknara til kæru
samkvæmt 6. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála,
sbr. bráðabirgðaákvæði VII**

- Númer máls:* 007-2013-25084
- Kærandi:* Svavar Kjarrval Lúthersson, kt. [REDACTED], [REDACTED]
[REDACTED]
- Kærður:* Svavar Kjarrval Lúthersson, kt. [REDACTED]
- Kæra:* Dagsett 21. júní 2013 og móttekin 24. sama mánaðar.
Kærð ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags.
22. maí 2013, að vísa frá kæru í máli nr. 007-2013-25084 með
vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála.
- Sakarefni:* Brot gegn lögum nr. 32/1997, um helgidagafrið.
- Krafa kæranda:* Að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
- Lögreglustjóri:* Athugasemdir lögreglustjóra og afrit rannsóknargagna bárust
ríkissaksóknara 1. júlí 2013 með bréfi dagsettu 28. fyrra
mánaðar.

I.

Meðal málgagna er skjal móttekið hjá lögreglustjóra 15. maí sl. með yfirskriftinni „Játning“ þar sem fram kemur að kærandi játi „að hafa brotið a-lið 2. [tölul.] 1. mgr. 4. gr. laga nr. 32/1997 með því að hafa, rétt eftir klukkan 13:00 á Austurvelli í Reykjavík þann 29. mars 2013, sem skilgreindur er sem helgidagur Þjóðkirkjunnar skv. 2. [tölul.] 1. mgr. 2. gr. sömu laga, snúið bingóvél og aðstoðað á annan hátt með framkvæmd ólöglegar bingóstarfsemi. Framkvæmdi ég brotið með fullri vissu að þátttaka mín í bingóhaldinu væri brot á fyrrgreindri [lagagrein].“ Þá kom einnig fram að kærandi staðfesti að hreyfimyndir sem sýndar voru frá bingóhaldinu í fréttatíma RÚV að kvöldi sama dags sýndu hann snúa bingóvélinni.

Meðal málgagna eru útprentanir af vefsíðunni vantru.is frá 27. mars sl. um páska-bingó Vantrúar 29. sama mánaðar (Föstudaginn langa). Þá fylgja einnig sams konar gögn um sömu viðburði sama félags frá fyrri árum.

Með ákvörðun lögreglustjóra 22. maí sl. var kæru kæranda vísað frá á grundvelli 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála og sætir sú ákvörðun endurskoðun ríkissaksóknara, sbr. 6. mgr. sömu lagagreinar.

II.

Í bréfi kæranda til ríkissaksóknara 21. júní sl. kemur eftirfarandi m.a. fram:

„[...]”
Í bréfi dagsettu 22. maí og póstlögðu 23. maí var tilkynnt af hálfu lög-
reglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að máli [...] skuli vísað frá [...]. Hér með
er kærð ofangreind ákvörðun embættisins. Hafa ber í huga að ákvörðunin var
póstlögð 23. maí og því ætti að miða kærufrestinn við þann dag þegar líklegt er
að undirritaður hafi fengið vitneskju um hana, þ.e.a.s. í fyrsta lagi þann 24. júní.
Einnig skal hafa í huga að samkvæmt almennum reglum skal miða skilafresti
við næsta virka dag ef lokafrestur lendir á almennum frídegi.

Telur undirritaður að lögreglunni sé skylt að rannsaka ofangreint mál
enda sé ekki óeðlilega mikill kostnaður af ragnsókn þess. Fyrirséðir kostnaðar-
liðir eru að útvega myndbandsupptöku frá RUV sem undirritaður hefur játað að
séu af sér, kalla [undirritaðan] í skýrslutöku til að staðfesta frásögn hans í
játningunni og í kjölfarið meta hvort gefa eigi út ákæru eða ekki.

Undirritaður hefur frásagnir af því að lögreglan hefur á undanförunum
árum og á þessu ári hlutast í um að hótta íþyngjandi aðgerðum á grundvelli sömu
lagaákvæða og jafnvel þótt meint brot séu óframin. A meðal aðgerða er að rýma
skemmtistaði og/eða svipta þá starfsleyfi. Kostnaður af framfylgd slíkra aðgerða
yrði augljósa meiri en sá sem ragnsókn þessi ætti að bera. Lögreglan hefur því
sýnt fram á að hún sé tilbúin til að tileinka meiri fjármuni í önnur tilfelli af
meintu broti og þar myndi slík skýlaus játning líklegast ekki liggja fyrir.

Augljóst er að brot gegn lögum um helgidagafrið, nr. 32/1997, varða
sektum og er sektarákvæðið nokkuð skýrt. Málið getur því varla talist smávægi-
legt og getur lögreglan ekki tekið þá einhliða ákvörðun að neita að rannsaka mál
á þeim grundvelli að refsing takmarkist við sekt eða hvort viðkomandi hafi
mögulega hagnast við brotum á þeim. Mörg önnur mál þar sem eingöngu er
refsað með sekt hafa verið í meðförum hjá lögreglu og jafnvel með ákæru vegna
þess að þær hafi ekki verið greiddar.

A grundvelli jafnræðis ætti lögreglan í það minnsta að rannsaka málið og
taka síðan ákvörðun hvort gefa eigi út ákæru eða ekki.

„[...]“

Í bréfi lögreglustjóra til ríkissaksóknara 28. júní sl. kemur eftirfarandi m.a. fram:

„[...]”
Undanfarin sjö ár hefur félagið Vantrú verið með bingó á Austurvelli
föstudaginn langa í því skyni að benda á óeðlileg ítök ríkiskirkjunnar í íslensku
samfélagi. Hér er því um að ræða táknrænan atburð þar sem verið er að mót-
mæla lögum um helgidagafrið, [...].

Það er mat lögreglustjóra að umrædd athöfn falli ekki undir bannákvæði
a. liðar 2. [tölul.] 4. gr. laga um helgidagafrið. Athöfnin er ekki skemmtun í
skilningi ákvæðisins heldur miklu fremur stjórnarskrárbundinn réttur manna til
að opinbera skoðanir sínar.

Í athugasemdum með frumvarpi að umræddum lögum kemur fram að
með ákvæðinu sé verið að reyna að takmarka spilastarfsemi þar sem spilað er
um fjármuni með einum eða öðrum hætti. Aðgangur að páskabingói Vantrúar er
ókeypis.

Vegna ofangreinds var „játning“ [kæranda] vísað frá lögregluragnsókn,
enda háttsemi hans refsilaus.

„[...]“

III.

Ríkissaksóknari leggur til grundvallar að kæra hafi borist innan mánaðar kærufrests.

Athugasemdir lögreglustjóra bera ekki með sér að kæru hafi verið vísað frá vegna
kostnaðarsjónarmiða og hafa gagnstæð sjónarmið kæranda af þeim toga því ekki sér-
staka þýðingu fyrir úrlausn málsins.

Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. laga um helgidagafrið telst föstudagurinn langi vera einn af helgidögum Þjóðkirkjunnar. Í a-lið 2. tölul. 4. gr. sömu laga kemur fram að skemmtanir séu óheimilar á föstudaginn langa, þar með talið skemmtanir þar sem happdrætti, bingó eða önnur svipuð spil fara fram. Í almennum athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum um helgidagafrið kemur eftirfarandi m.a. fram:

„[...]“

Með opinberu skemmtanahaldi og sýningum er átt við að aðgangur að slíkum skemmtunum eða sýningum sé frjálst fyrir almenning eða óákvæðinn hóp manna eða fyrir félagsmenn eða boðsgesti þeirra þegar félag, samtök manna eða stofnun gengst fyrir skemmtun eða sýningu sem hænir að mannsöfnuð án tillits til þess hvort aðgangur er án endurgjalds eður ei eða hvort samkoma eða sýning er utan eða innan dyra. Með skemmtun í þessu samhengi er m.a. átt við dansleiki, hljómlleika eða aðrar sams konar skemmtanir.

[...]“

Í ákvæðinu er og lagt til að bann við opinberu skemmtanahaldi tilgreinda daga þar sem fram fer tiltekin spilastarfsemi. [...] Það bann sem í ákvæðinu greinir er ekki bundið við tiltekna staðsetningu heldur gildir það hvort heldur skemmtun er haldin í veitingahúsi eða öðru samkomuhúsi. Samkvæmt orðanna hljóðan er bannið bundið við skemmtun þar sem happdrætti, bingó eða önnur svipuð spil fara fram. Felur þetta í sér ætlan um að með ákvæðinu sé reynt að takmarka spilastarfsemi þar sem spilað er um fjármuni með einum eða öðrum hætti. Með þessu er leitast við að leggja ekki höft á ýmsa starfsemi sem fram fer á tilgreindum dögum, svo sem brígdemót, skákmót eða slíka starfsemi. Með þessu ákvæði er ekki ætlunin að leggja höft á notkun spilakassa á þeim stöðum sem opnir eru greinda daga.


[...]“.

Með hliðsjón af framangreindum frumvarps athugasemdum þá hefur það ekki sérstaka þýðingu fyrir úrlausn málsins hvort aðgangur að umræddu páskabingói hafi verið með eða án endurgjalds.

Í útprentun af vefsíðu Vantrúar vegna umrædds páskabingós 29. mars sl. kemur m.a. fram að „[t]ilgangurinn með Páskabingói Vantrúar [sé] að benda á óeðlileg ítök ríkiskirkjunnar í íslensku samfélagi.“ Að þessu virtu þá telur ríkissaksóknari að umrædd háttsemi kæranda, og eftir atvikum annarra sem stóðu að páskabingóinu, verði fyrst og fremst virt sem liður stjórnarskrárvörðum rétti manna til tjáningar- og fundafrelsis, sbr. 73. og 74. gr. stjórnarskrárinnar. Er að þessu leyti tekið undir forsendur lögreglustjóra. Af þessu leiðir að sérstakar ástæður þykja mæla með því að kæru verði vísað frá, enda krefjast almannahagsmunir ekki málshöfðunar, sbr. 4. mgr. 52. gr. og d-lið 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

Niðurstaða: Ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 22. maí 2013 um að vísa frá kæru í máli nr. 007-2013-25084 er staðfest.

Skrifstofu ríkissaksóknara, Reykjavík, 4. júlí 2013.



Daði Kristjánsson
saksóknari

Svarar Kjarrval Lúthersson

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu